



Aukin samkeppni á íslenskum flugmarkaði:

RyanAir til Íslands

ÚTLIT er fyrir að samkeppni á íslenskum flugmarkaði muni harðna enn frekar á næsta ári þar sem Fréttabréfið hefur heimildir fyrir því að

sumar. Samkvæmt heimildum blaðsins mun félagið fljúga frá bæði London Stansted og Dublin til Keflavíkur fyrst um sinn.



Tvöföldun á næstu árum


Ryan Air yrði eitt um að fljúga til Dublin á Írlandi en öllu meiri samkeppni yrði á Lundúnarmarkaði þar sem Icelandair, Iceland Express og BA stunda umfangsmikinn flugrekstur til Lundúna. Icelandair til Heathrow, Express flýgur til Stansted líkt og RyanAir mun gera og BA til Gatwick.

markaði sem mun nú bætast í þétt áætlunarnet félagsins í Evrópu.

RyanAir er stærsta

lággjaldflugfélag í Evrópu. Félagið mun flytja yfir 35 milljónir farþega á þessu ári á um 380 flugleiðum á milli 24 landa. Fyrirtækið gerir út rúmlega 100 B-737-800 flugvélar og er með 138 nýjar vélar í pöntun, sem verða afhentar á næstu sex árum. Með stækkun flotans sér RyanAir fram á að tvöfalda farþegafjöldann á næstu árum í rúmar 70 milljónir árlega. Nú starfa um 3.500 manns frá 25 þjóðlöndum hjá félaginu.

- elm



Árleg fjölgun farþega RyanAir er talin í milljónum undanfarin ár.

lággjaldafélagið RyanAir hafi ákveðið að hefja áætlunarflug til Íslands næsta

Fréttabréfinu er ekki kunnugt um hversu margar ferðir félagið mun bjóða í viku en vitað er að félagið hefur lengi haft augastað á íslenskum

Flugfélag Íslands:

Ekki verkefni í Líbýu

FLUGFÉLAG Íslands mun ekki leigja Dash vél með íslenskum áhöfnum til Líbýu í vetur eins og stefnt var að. Til stóð að senda eina vél í sex mánuði til verkefna með íslenskum áhöfnum en samkvæmt upplýsingum frá Flugfélagi Íslands náðist ekki samkomulag um undanþágu frá samningum um hámarks fjarveru flugmanna frá heimahöfn.

Í kjarasamningi flugmanna FÍ er kveðið á um að starfsmaður megi að hámarki vera 15 daga við vinnu erlendis fyrir félagið. Að sögn Ingigerðar Þórðardóttur, starfsmannastjóra FÍ, var nauðsynlegt að lengja útiveruna í 18 daga til að verkefnið gengi upp. Sú undanþága fékkst ekki og því varð félagið að láta verkefnið frá sér. Vonir eru þó

bundnar við að hægt verði að koma vélinni í "þurrleigu" þ.e. án áhafna í vetur. Ingigerður segir líbýumennina sem til stóð að semja við hafa spurst fyrir um mögulega þurrleigu. Sá möguleiki sé vissulega opinn þrátt fyrir að enn hafi ekkert gerst í þeim efnum.

Vélin er um þessar mundir að - frb. á bls. 2

Í ÞESSU BLAÐI:

Verðbólgu-leiðrétting
bls 2

Skoða aðstæður
flugumferðarstjóra
bls 2

Gott sumar
að baki
bls 4

Rúmlega 6 ma.
hagnaður FL
bls 5

JetX að hefja
flug frá Íslandi
bls 7

Allir flug-
menn í próf
bls 7

60 hætta
í vetur
baksíða



FÍA og Icelandair semja: Verðbólgu- leiðrétting

STJÓRN FÍA hefur náð samkomulagi við viðsejendur sína á grundvelli forsendunefndar SA og ASÍ. Um er að ræða leiðréttingu vegna verðbólgu, sem reiknast frá 1. júlí sl. og verður greidd út í byrjun október. Samkomulagið á við um alla þá hópa innan FÍA þar sem vísað var til forsendunefndarinnar í kjarasamningi; þ.e.a.s. Flugfélag Íslands, Icelandair, Íslandsflug (nú Air Atlanta), Landhelgisgæslan og Bláfugl.

Fréttabréf FÍA

Ritstjóri

Elmar Gíslason
elm.crew@icelandair.is

Umbrot

Hermann Þór Snorrason

Myndir

Snorri Snorrason / www.snorrason.is
- nema annað sé tekið fram

Útgefandi

Félag íslenskra atvinnuflugmanna

September 2006

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er óheimil nema að heimilda sé getið.

- frb. af forsíðu:

Ljúka verkefnum fyrir Artic Travel Group á vesturströnd Grænlands. Ljóst er að ekki verður framhald á samstarfi félaganna þar næsta sumar því Artic Travel hefur þegar samið við Air Greenland um að sinna flugi á Grænlandi á næsta ári.

Mikið af aukaflugum

Nýverið birtust fréttir af því að Flugfélagið hafi fellt niður ferðir vegna manneklu. Aðspurð um hvort þetta stafi af undirmönnum hjá félaginu segir Ingigerður ekki svo vera. Ástæðan hafi einfaldlega verið óvenju mikið af leiguflugi og aukaferðum í september sem félagið hafi ekki séð fyrir. Fyrirtækið hafi því ekki getað fullskipað varavaktir

vegna mikilla anna. Lítið hafi mátt útaf bera líkt og raun varð á þegar veikindi komu upp tvo daga í röð sem olli því að flug féllu niður. Hún leggur áherslu á að þetta sé einungis tímabundið ástand sem muni taka enda strax um næstu mánaðarmót.

Félagið réð 8 nýja flugmenn til sumarstarfa fyrr á þessu ári. Þeir af þeim hættu störfum í upphafi september vegna árstíðarsveiflu í rekstrinum. Þeir hafa fengið fastráðningu og tveir flugmenn eru á reynslusamning fram í desember þar sem þjálfun þeirra á Dash vélina hófst ekki fyrr en um mitt sumar. Einsog sakir standa munu þeir láta af störfum að loknum reynslutímanum ef verkefnastaðan breytist ekki. *-elm*



Frá flugumferðarstjórn í Bretlandi.

<http://d3e.open.ac.uk>

Fulltrúar Eurocontrol á Íslandi:

Skoða aðstæður flugumferðarstjóra

FULLTRÚAR Eurocontrol, evrópsku flugstjórnarstofnunarinnar, komu til Reykjavíkur á dögnum til að hefja undirbúning að úttekt sinni á vinnuáætlunum og vaktakerfi flugumferðarstjóra hjá Flugmálastjórn Íslands.

Sturla Böðvarsson lagði til á fundi með fulltrúum Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Flugmálastjórnar Íslands 1. ágúst að utanákomandi aðili yrði fenginn til verksins. Var

fljótlega ákveðið að leita til Eurocontrol eftir liðsinni, að því er fram kemur á vef samgönguráðuneytisins.

Tveir sérfræðingar Eurocontrol ræddu í liðinni viku við fulltrúa Félags íslenskra flugumferðarstjóra, Flugmálastjórnar Íslands og samgönguráðuneytis og kynntu þeir ákveðið vinnuáætlun Eurocontrol og verður unnið eftir henni næstu vikurnar. *mbl.is*



EUROCONTROL

Umbætur á Þingeyrarflugvelli:

Kostnaður um 190 milljónir

ÞINGEYRARFLUGVÖLLUR var formlega opnaður nýverið eftir endurbætur sem hófust á vordögum 2005. Völlurinn þjónar nú sem eins konar varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll og eykur rekstraröryggi áætlanarflugs þangað. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði við athöfn í flugstöðinni að völlurinn myndi auka möguleika í innanlandsflugi og kvaðst vona að hann ýtti undir vöruflutninga með flugvélum.

Endurbætur vallarins fólust meðal annars í lengingum brautar, stækkun



Frá Þingeyri.

www.skip.is

öryggissvæða og meiri ljósa- og aðflugsbúnaði. Aðalverktaki var KNH á Ísafirði og nemur kostnaður alls, að meðtöldum nýjum vegi að flugvöllinum kringum 190 milljónum króna.

mbl.is

Öryggismál flugáhafna:

Öryggi ábótavant?

STEFNT er að því að virkja Vinnuverndarráð til þess að fara í saumana á öryggismálum flugmanna. Er þetta til komið vegna fjölda athugasemda sem stjórn FÍA hefur fengið frá sínum félagsmönnum um að öryggi sé ábótavant þar sem flugmenn eru að sinna sínum störfum, einkum í

fjarlægum heimshlutum þar sem jafnvel vestrænar þjóðir banna og/ eða skilyrða ferðalög þegna sinna. Þá er fyrirhugað að lögfræðingur FÍA fari yfir lagaumhverfi í þessi tilliti, þannig að skýrt sé hverjar heimildir stéttarfélagsins eru hvað þessi mál varðar.

Samkeppni flugvélarisanna:

Boeing selur meira

EVRÓPSKI flugvélaframleiðandinn Airbus er langt að baki bandaríska keppinautnum Boeing hvað varðar pantanir á nýjum flugvélum. Fyrstu átta mánuði ársins voru pantaðar 222 nýjar Airbus þotur á meðan 548 Boeing þotur voru pantaðar. En hvað varðar afhentar þotur á fyrstu átta mánuðum ársins þá stendur Airbus betur með 283 þotur en Boeing



www.linternaute.com

afhenti 258 þotur á tímabilinu. mbl.is

Þorgeir Pálsson
lætur af störfum:

Nýr flugmálastjóri um áramótin

► Samgönguráðuneytið hefur auglýst starf flugmálastjóra laust til umsóknar. Þorgeir Pálsson mun láta af störfum um næstu áramót en hann hefur gegnt stöðunni frá árinu 1992.

Á heimasíðu ráðuneytisins kemur fram að Þorgeir hafi þegið boð stjórnar Flugstöða, um að verða forstjóri félagsins. Gengið hefur verið frá starfs-samningi milli aðila, sem kveður á um að Þorgeir taki við starfinu 1. janúar 2007. Hann mun gegna embætti flugmálastjóra til þess tíma.

Flugstöðir er nýtt fyrirtæki sem stofnað var 6. júlí sl. Félaginu er ætlað að taka við þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar um áramótin. Gert er ráð fyrir að um 220 starfsmenn stofnunarinnar muni flytjast til hins nýja félags auk þess sem fyrirtækið mun fara með stjórn dótturfélaganna; Flugfjarskipta ehf. og Flugkerfa hf. sem hafa samtals um 80 starfsmenn.

Flugstöð Leifs
Eiríkssonar:

Farþegum fjölga

► Farþegum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgaði um tæp 10% í ágúst miðað við sama tíma í fyrra, úr tæpum 245 þúsund farþegum árið 2005 í rúmlega 269 þúsund farþega nú. Fjölgun farþega til og frá Íslandi nemur tæpum 15% milli ára, en farþegum sem millilenda hér á landi á leið yfir Norður-Atlantshafið fækkaði um 14%.

mbl.is



Tilkynning:

Félagaskrá FÍA

FÉLAG íslenskra atvinnuflugmanna tók nýverið í notkun nýtt gagnakerfi sem heldur m.a. utan um félagaskrá FÍA. Nokkrir félagsmenn hafa ekkert tölvupóstfang skráð eða eru með gamalt/úrelt neftfang í skrá FÍA. Þeir félagsmenn sem hafa ekki fengið tölvupóst nýlega frá FÍA eru vinsamlegast beðnir að senda tölvupóst á fia@fia.is ásamt fullu nafni, kennitölu og því netfangi sem þeir vilja að FÍA noti. Stéttarfélagið þarf oft að senda félagsmönnum tilkynningar eða upplýsingar af ýmsum toga og notar einkum tölvupóst til þeirra boðskipta.

Þá hefur FÍA hefur undanfarna mánuði sent öllum félagsmönnum og eftirlaunaþegum Fréttabréf FÍA í pósti. Ef félagsmönnum hefur ekki borist eintak, þá vinsamlegast tilkynnið heimilisfang með tölvupósti á ofangreint netfang eða í síma 599 1199.

Óskar Tryggvi Svavarsson,
ritari FÍA

Flugmenn - munið umræðuvefinn

Sjá nánar á www.fia.is

Formaður Orlofshúsanefndar skrifar:

Gott sumar að baki

ÞÁ ER sumartímabilinu lokið í orlofsmálum og gekk sumarið vel. Leigan í okkar hús gekk frábærlega (Kjarnaskóg, Húsafell og Reykjaskóg). Ekki datt vika út frá lok maí

um við með 5 tjaldvagna þetta sumarið. Illa viðraði í byrjun sumars og því fór leigan á þeim hægt af stað. Félagsmenn fóru ekki að leigja vagnanna fyrr en uppúr miðjum júlí. Eftir Verslunarmannahelgi var hins vegar ekki einn vagn leigður út það sem eftir lifði sumars.

Nefndir

Ingvar Berg Steinarsson
form. Orlofshúsanefndar FÍA skrifar



fram í miðjan september sem er frábær nýting og sannar að full þörf er á þessum húsum. Orlofsnefndin tók jafnframt á leigu sumarhús í Minni-

Góð aðstaða á Akureyri

Frá síðastliðnu vori höfum við verið með á leigu íbúð á Akureyri. Vel hefur gengið með hana og verðum við með hana á leigu í vetur. Vil ég benda félagsmönnum á að nota hana. Hún er frábærlega staðsett og upplögð til afnota þegar skroppið er norður í helgar- og skíðaferðir í vetur. Verulegar endurbætur voru á Hlíðarfjalli í sumar og tæki til snjögerðar sett upp sem ætti að tryggja betra færi



Bústaður FÍA í Reykjaskógi við sólarupprás að nóvembermorgni árið 2004.

Ljós: HBS

Borgum. Það var leigt í 12 vikur og gekk nokkuð vel að leigja það til félagsmanna, að undanskildum fyrstu vikunum í júní.

Góð umgengni var í húsunum eins og venjulega og okkur til sóma. Félagsmenn voru einnig duglegir að tilkynna um bilanir og margir tóku sig til og lögðu það sem aflaga fór. Slík framtaksemi er til fyrirmyndar og í raun nauðsynlegt í svona félagsskap að allir taki að sér að gera húsin þannig að menn verði ánægðir þegar að þeim er komið.

Eins og komið hefur fram, þá vor-

og meiri opnun á svæðinu.

Vel gengur að byggja fyrir austan og verður nýja húsið fokhelt nú í október. Það á að verða tilbúið fyrir 1. apríl á næsta ári. Það er að mestu leyti eins og gamla húsið í Reykjaskógi, þó með smávægilegum endurbótum. Farið er að bóka fyrir veturinn og menn hvattir til að bóka sig tímanlega. Verið er að setja myndir af orlofshúsunum inn á vefinn og verður því verki lokið fljótlega.

Kveðja,

Ingvar Berg Steinarsson
Orlofsnefnd FÍA

Sex mánaða uppgjör FL Group:

Rúmlega 6 milljarða hagnaður

HAGNAÐUR FL Group fyrir skatta fyrstu sex mánuði ársins var 6.310 milljónir króna samanborið við 2.336 milljóna króna hagnað árið áður. Að teknu tilliti til skatta var hagnaður tímabilsins 5.721 milljón króna samanborið við 1.933 milljónir króna árið áður. Á öðrum ársfjórðungi 2006 var afkoma fyrir skatta -334 milljónir króna samanborið við 2.308 milljónir króna árið áður. Afkoma eftir skatta á öðrum ársfjórðungi var -118 milljónir króna samanborið við 1.908 milljónir króna árið áður. Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins var 8.104 milljónir króna samanborið

Icelandair Group. Á öðrum ársfjórðungi 2006 jókst farþega fjöldi með Icelandair um 1,6% saman-

ICELANDAIR



borið við sama tímabil árið áður og sætanýting var 79,5% samanborið við 78,9% árið áður.

Horfur á áframhaldandi vexti í hagnaði Icelandair eru góðar og sú ákvörðun að auka ekki framboðin sæti frá síðasta ári, og leggja áherslu á að bæta afkomuna innan sama leiðarkerfis hefur þegar skilað árangri

ársfjórðungi 2006 og hefur skuldbundið sig til að kaupa félagið að fullu síðar. Þessi fjárfesting er liður í þeirri stefnu Lofleida að styrkja stöðu sína í Eyrstrasaltslöndunum. Latcharter Airlines var stofnað í Lettlandi árið 1992. Árið 2005 flutti félagið 100 þúsund farþega og veltan var 17 milljónir evra.

Á öðrum ársfjórðungi 2006 festi Fjárvakur, dótturfélag Icelandair Group, kaup á Airlines Services Estonia (ASE) sem hefur höfuðstöðvar sínar í Tallinn, Eistlandi. ASE hefur sérhæft sig í tekjubókhalda fyrir flugfélög. Markmiðið með þessari fjárfestingu er að auka skilvirkni og draga úr kostnaði við tekjubókhalda og meðhöndlun farmiða.

Stærstu hluthafar FL Group 11. ágúst 2006 *

Hluthafi	Hlutfallsleg eign
Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf	18,3%
Baugur Group hf	17,8%
Magnús Kristinsson	14,7%
Kristinn Björnsson	8,4%
Icon ehf	5,6%
Materia Invest ehf	5,1%
Arion safnreikningar	4,2%
Fons Eignarhaldsfélag hf	3,7%
FL Group hf	2,0%
Gildi lífeyrissjóður	1,8%
Saxbygg ehf	1,0%
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	1,0%
Lífeyrissjóðir verslunarmanna	0,9%
Sund ehf	0,5%
SJ1 ehf	0,5%

* Hluthafalistinn er leiðréttur fyrir framvirkum samningum stærstu hluthafanna í samræmi við tilkynningar til Kauphallar Íslands.

við 2.624 milljónir króna árið áður.

Aukin velta Icelandair Group

Velta Icelandair Group á fyrri helmingi ársins 2006 var 24.1 milljarður króna, samanborið við 19,6 milljarða árið á undan. Áætlunarflug Icelandair er þungamiðja í rekstri

ad því er fram kemur í frétt frá Kauphöllinni.

Loftleiðir fjárfestir

Loftleiðir Icelandic, dótturfélag Icelandair Group festi kaup á meiri hluta í hlutafé Lettneska leiguflugfélagsins Latcharter Airlines á öðrum

Samruna Sterling og Maersk lokið

Velta Sterling á fyrri helmingi ársins var 21,3 milljarðar króna. Samkvæmt fréttatilkynningu er markaðurinn til og frá Norðurlöndunum stækkandi og þrátt fyrir bakslag vegna hins svokallaða skopmyndamáls, fuglaflensu og hryðjuverkaogna, fer eftirspurn vaxandi.

Samruni Sterling og Maersk Air sem tók gildi þann 13. september sl. hefur að mestu gengið í takt við áætlanir og er samrunaferlinu nú lokið.

Stjórnendur Sterling eru nú að setja saman áætlun um stefnu félagsins til næstu þriggja ára. Vörumerkið sterling þykir sterkt í Skandinavíu og er félagið vel þekkt fyrir samkeppnishæf verð til áfangastaða í Evrópu. Til að sinna markaðinum í norður Danmörku, mun Sterling hefja flug milli Kaupmannahafnar og Álaborgar, ásamt því að hefja flug frá Álaborg til valinna áfangastaða í Evrópu.


Heimild: Kauphöllin

Auknir möguleikar íslenskra flugfélaga í Evrópu:

Svissnesk yfirvöld samþykkja gagnkvæm flugleyfi

FLUGMÁLASTJÓRN Sviss hefur lýst því yfir að sækja íslenskir flugrekendur eftir leyfi til flugs til þriðju ríkja innan ESB frá Sviss (án viðkomu á Íslandi) muni svissneska flugmálastjórnin veita slíkt leyfi. Mælt er með því að slíkt leyfi til áætlunar- og/eða leiguflugs verði gagnkvæm.

Íslensk flugmálayfirvöld hafa í samráði við samgönguráðuneytið og utanríkisráðuneytið óskað eftir því að gerður verði loftferðasamningur milli ríkjanna til að auðvelda sviss-



Matterhorn laðar árlega til sín fjölmarga ferðalanga, víða að úr heiminum.
<http://brown.edu>

neskum og íslenskum flugfélögum bæði leigu- og áætlunarflug.

Í bréfi flugmálastjóra Sviss til flugmálastjóra Íslands segir að álit

þarrendra flugmálayfirvalda sé það ákjósanlegri kostur að gera nauðsynlegar breytingar á stofnsamningi EFTA í stað þess að gera loftferðasamning milli ríkjanna. Stofnsamningur EFTA veitir flugrekendum ríkjanna í dag einungis rétt til flugs milli aðildarríkja EFTA og innanlandsflugs innan EFTA ríkjanna. Flugmálayfirvöld í Sviss eru nú reiðubúin að láta þessi réttindi einnig ná til flugs handan EFTA ríkjanna til þriðju ríkja innan ESB.

Heimild: Samgönguráðuneytið

Sameining starfsaldurslista flugmanna hjá Air Atlanta:

Skýr vilji flugmanna

- félagsfundur samþykkti samhljóða stefnumörkun stjórnar

ÞAD er skýr vilji flugmanna Air Atlanta að sameina starfsaldurslista félagsins. Þeir eru bundnir tveimur kjarasamningum; annars vegar er um að ræða samning sem FFF (nú FÍA) gerði við Air Atlanta og hins vegar kjarasamning Íslandsflugs (nú Air



Atlanta) við FÍA. Stjórn FÍA hefur lagt í vinnu við að undirbúa sameiningu listana, enda tekur slíkt tíma og fyrirséð að í næstu kjarasamningum verði gerður einn

kjarasamningur fyrir þessa tvo hópa. Sett var á fót nefnd með tveimur fulltrúum frá hvorum hópi og var formaður FÍA oddamaður í nefndinni. Settur hefur verið saman listi á grundvelli ráðningardags samkvæmt hvorum lista fyrir sig eins og tíðkast hjá FÍA. Hafa þurfti hraðann á þar sem nýverið voru auglýstar lausar stöður á öllum flugvélategundum hjá félaginu og til stóð að hætta starfsemi með B-737, sem þýddi að flytja ætti alla flugmenn af þeirri tegund á aðrar vélar.

Af þessu tilefni af efnt til félagsfundar í FÍA, (aukaaðalfundar), til að kjósa nýtt sameiginlegt starfsráð, sem ætti að taka á málum hins nýja lista og úrskurða um mögulegar kærur um stöðu manna á listanum. Fyrir þennan fund stóð til að gefa út sameiginlega yfirlýsingu Air Atlanta og FÍA um að stefna



skyldi að sameiningu listanna og áætlun félagsins um þjálfun í stöður yrði lögð á borðið. Úr þessu varð ekki af hálfu Air Atlanta og var sú niðurstaða kynnt stjórn FÍA daginn sem fundurinn var haldinn. Félagsfundurinn var engu að síður haldinn og eftir góðar umræður þar sem greitt var úr misskilningi, stendur eftir skýr vilji flugmanna um að sameina listana. Nú er það í hendi fyrirtækisins að vinna úr málinu.

Flugfélagið JetX að hefja flug frá Íslandi:

Engir íslenskir flugmenn

ÍSLENSKA flugfélagið JetX er að byrja flugáætlun milli Keflavíkur og ýmissa áfangastaða í byrjun október n.k. fyrir Heimsferðir. Fyrirtækið auglýsti ekki alls fyrir löngu störf flugliða laus til umsóknar, þ.e. eingöngu flugfreyjur og þjóna. Ekki hefur hins vegar verið auglýst eftir



flugmönnum á Íslandi og enginn kjarasamningur er til við félagið.

Fréttabréfið skorar á stjórnendur JetX að sína framsýni og gera kjarasamning við FÍA, sem standi bæði íslenskum og erlendum flugmönnum til boða.



www.theairlinehub.com

Uppákoma hjá Air Canada:

Stjórinn fastur á náðhúsinu

► Flugstjóri kanadískrar farþegaþotu Air Canada læstist inni á salerni vélarinnar stuttu eftir flugtak nýverið. Áhöfn vélarinnar neyddist á endanum til þess að losa salernisdýrnar af hjörunum til að leysa manninn úr þrúundinni.

Að sögn talsmanns flugfélagsins fór flugstjórinn á salernið um hálf tíma eftir flugtak. Kanadíska dagblaðið Ottawa Citizen hefur eftir farþegum um borð að flugstjórinn hafi brugðist við innlokuninni með því að öskra og berja í gríð og erg á hurðina þangað til hann slapp út. Hinsvegar segir talsmaður félagsins að flugmaðurinn hafi haldið ró sinni, áhöfnin brugðist rétt við og hvorki flugvél né farþegar hafi verið í hættu.

Heimild: Blaðið

Enskukunnáttukröfur ICAO í Suður Kóreu:

Allir flugmenn í próf

FLUGMÁLASTJÓRN Suður – Kóreu (FSK) er um þessar mundir að ákveða hvaða fyrirtæki eða skólar muni prófa suður kóreska flugmenn í ensku, svo landið standist kröfur Alþjóða flugmálastofnunarinnar ICAO. Þrjú fyrirtæki koma til greina hjá FSK ásamt RMIT háskólanum í Ástralíu, samkvæmt upplýsingum frá skírteinadeild flugmálastjórnarinnar.

Líklegt þykir að fleiri en ein stofnun verði valin til að framkvæma ensku-prófin. ICAO gerir kröfu um hæfni-próf í ensku sem tekur gildi í mars 2008 þar sem flugmenn verða að geta talað ensku á 4. stigi. ICAO hefur skilgreint 6 stig í ensku þar sem 1. stig er lágmarkskunnátta og 6. stig er skilgreint eins og um innfæddan enskumælandi einstakling sé að ræða.

Ber að þekkja öll hugtök

Samkvæmt kröfu ICAO er ætlast til þess að flugmenn skilji og tali ensku og hafi á sínu valdi öll hugtök sem notuð eru í talstöðvarsamskiptum við flugumferðarstjórn.

FSK vill hefja próftök fyrir flugmenn á 4. stigi eigi síðar en mars

Af erlendum vettvangi

Þorsteinn Kristmannsson þýddi og dró saman af Air Transport Intelligence News



árið 2008. Þeir flugmenn sem ekki ná 4. stigi í ensku verður samt heimilað að fljúga millilandaflug með því skilyrði að þeir stundi enskunám til að ná 4. stigs prófinu fyrir mars 2008. Þeir flugmenn sem ekki ná 4. stigi fyrir umrædd tímamörk fá ekki lengur að fljúga á alþjóðlegum flugleiðum heldur eingöngu innanlands að sögn talsmanns skírteinadeildar FSK. Korean airlines hefur nú þegar hafið enskukennslu í umsjá sérfróðra manna í greininni. Þeir flugmenn sem ná 4. stigi verða síðan prófaðir á þriggja ára fresti en þeir sem standast 6. stig verða prófaðir á fimm ára fresti.

Frá ritstjóra

FRAM Á RITVÖLLINN

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna til að miðla efni. Áhugasamir pennar eru hvattir til að nýta tækifærið og senda efni til blaðsins í tölvupósti. Allar hugmyndir eru vel þegnar.



Elmur Gislason, ritstjóri
elm.crew@icelandair.is



Enn uppsagnir hjá Icelandair:

60 hættu í vetur

ICELANDAIR hefur samið um fraktflug á milli Liege og Charlotte í norður Karólínu með viðkomu í Keflavík. Verkefnið hefst í október og verður flogið tvisvar í viku. Annars hefur lítið breyst í verkefnastöðu félagsins að undanfögnu. Loftleiðir mun þó hafa tvær B-757 í heimsreisum í október. Forsvarsmenn félagsins eru engu að síður jákvæðir um framvindu mála fyrir veturinn.

Fraktflugssamningurinn til Bandaríkjanna hefur ekki áhrif á

uppsagnir flugmanna að undanfögnu. Nú sjá sextíu flugmenn hjá Icelandair sjá fram á atvinnuleysi í vetur. Félagið hefur sagt upp 16 fastráðnum flugmönnum til viðbótar við þá 44 sem þegar höfðu fengið uppsagnarbréf.

Fastráðnir flugmenn í uppsögn eru því orðnir 35 auk 25 lausráðinna sem hófu störf á þessu ári.

Þá hefur 8 flugstjórum verið sagt upp stöðunni frá 1. desember til viðbótar við 21 sem þegar hafði fengið bréf.

Nýr formaður RNF:

Hallgrímur A. Viktorsson skipaður

SAMGÖNGURÁÐHERRA hefur skipað Hallgrím A. Viktorsson formann Rannsóknarnefndar flugslysa frá og með 1. september 2006. Hallgrímur er flugstjóri og hefur starfað hjá Icelandair síðastliðin 25 ár.



www.rnf.is

Á myndinni má sjá Geirþrúði Alfreðsdóttur fráfarandi formann afhenda Hallgrími lykil að skrifstofu RNF og fundarhamar nefndarinnar.

Flugfélag Íslands:

Þórhallur hættir

ÞÓRHALLUR Magnússon, flugstjóri hjá Flugfélagi Íslands, lét af störfum hjá félaginu nýverið vegna aldurs. Þórhallur hafði gegnt stöðu flugstjóra á F-50 síðustu árin en áður á Metró og Twin Otter.

Gæsin gripin og staðið á öndinni

ÞEIM hefur eflaust báðum brugðið nokkuð í brún, flug-



manni vélarinnar og gæsinni sem varð á vegi hans í bókstaflegri merkingu.



Atburðurinn átti sér stað í Bandaríkjunum.

Flugmanninum tókst að lenda heilu og höldnu, ekki fylgir sögunni um meiðsl á fólki en myndirnar tala sínu máli.

